

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
og nágrenni

*Ársskýrsla stjórnar og
reikningar félagsins*

Aðalfundur

Mánudaginn 24.febrúar 2020



Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
3. Reikningar félagsins fyrir 2019
4. Lýst stjórnarkjöri
5. Kosningar
6. Framlag í vinnudeilusjóð
7. Fjárfestingarstefna FVSA 2020
8. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs
9. Önnur mál



Efnisyfirlit

Dagskrá	2
Ársskýrsla stjórnar	4
FVSA fagnar 90 ára afmæli 2020	6
Kjaramál.....	7
Þing og ársfundir 2019.....	8
Aðalfundur FVSA 2019	8
Fundir stjórnar FVSA.....	9
Trúnaðarráð og trúnaðarmenn.....	9
Þing LÍV	10
Þing AN.....	11
Félagsfundir – Fjölmennt á kynningu nýja kjarasamningsins.....	12
Kynningarfundur um vinnutímastyttingu.....	12
Ársfundur Stapa.....	13
Starfsdagur trúnaðarmanna 2020	13
Orlofshús og orlofsmál	15
Sjúkrasjóður	16
Starfsmenntasjóður	17
Önnur verkefni á árinu	18
Ferð trúnaðarmanna og fulltrúa í stjórnnum og ráðum FVSA	18
LÝSA – Upplýsandi hátíð um samfélagsmál.....	19
1. maí hátíðarhöldin.....	20
Ungir leiðtogar í Brussel 2019	21
Ferð til Palestínu 27. október til 2. nóvember 2019.....	23
Skrifstofur og þjónusta.....	25
Ársreikningar.....	27

Ársskýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Undir starfssvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni flokkast Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu falla einnig undir starfssvæði þess. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagsgjald FVSA er 1% af öllum launum.

Félagatal og atvinnuleysi félagsmanna

Félagsmenn eru samtals 2.598 og þar af eru 369 lífeyrisþegar. Konur eru 61% af félagsmönnum. Atvinnuleysi meðal félagsmanna var svipað á milli ára. Að meðaltali greiddu 40 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir í nóvember (65) en fæstir í júlí (39).

Helstu styrkir úr félagasjóði:

Jólaaðstoð – 500.000 kr.

Hagsmunasamtök heimilanna - 50.000 kr.

Iðnaðarsafnið – 70.000 kr.

Aðrir styrkir – 39.000 kr.

Uppstillingarnefnd 2019-2020:

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Halldór Óli Kjartansson og Elín Anna Guðmundsdóttir.

Félagslegir skoðunarmenn 2019-2020:

Aðalmenn: María Ingadóttir og Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir. *Varamenn:* Margrét Brynjólfsdóttir og Einar Hjartarson.

Kjörstjórn 2019-2020:

Ingvar Gunnarsson, Helga Eymundsdóttir og Harpa Þorvaldsdóttir. *Til vara:* Jónas Þór Sveinsson og Eydís Bjarnadóttir

Fulltrúar frá félaginu í stjórnnum

- Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, SVS, í fulltrúaráði fyrir Bjarg íbúðafélag og varamaður í UNI Europa Commerce Steering Committee.
- Jón G. Rögnvaldsson í stjórn orlofsbyggðar á Illugastöðum.
- Halldór Óli Kjartansson í stjórn Símeý.
- Eydís Bjarnadóttir aðalmaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.
- Margrét Júlía Óladóttir í stjórn ASÍ-UNG.

Stjórn FVSA 2019 – 2020

Eiður Stefánsson – *Formaður*

Anna María Elíasdóttir – *Varaformaður*

Anna Kristín Árnadóttir – *Ritari*

Jón Grétar Rögnvaldsson – *Gjaldkeri*

Halldór Óli Kjartansson – *Meðstjórnandi*

Varamenn: Arnbjörg Jónsdóttir, Agnes Reykdal og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.



Stjórn FVSA og varamenn 2019.

FVSA fagnar 90 ára afmæli 2020

Félagið fagnar 90 ára afmæli sínu 2. nóvember 2020 og stendur ýmislegt til af því tilefni. Um þessar mundir er unnið að ritun um sögu félagsins og auk þess hefur stjórn félagsins skipað sérstaka afmælisnefnd. Ákveðið var að halda upp á afmælið allt árið með ýmsum hætti og nú þegar er félagið t.a.m. búið að senda dagatal á hvert heimili á félagssvæði félagsins. Einnig bauð félagið upp á 240 sæti á leiksýninguna Djáknann á Myrká, sem sýnd var í Samkomuhúsinu þann 23. febrúar sl.

Félagið kemur til með að standa fyrir öðrum uppákomum á árinu tengdum afmælinu til að minna félagsmenn sína á afmælið og félagið.

Afmælisnefnd FVSA

Í afmælisnefnd félagsins eru Anna Guðmundsdóttir, Arnbjörg Jónsdóttir og Eiður Stefánsson.

Ritnefnd um ritun sögu félagsins

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Páll H. Jónsson, Kristín Þorgilsdóttir og Erla Halls eru í ritnefnd.

Bragi V. Bergmann er faglegur ráðgjafi stjórnar.



Kjaramál

Samningaviðræður stóðu sem hæst á nýju starfsári stjórnar FVSA. Þegar árið er rifjað upp þá var LÍV (Landssambandi íslenskra verslunarmanna) falið samningsumboð FVSA í kjaraviðræðunum en samningafundur LÍV og VR við SA (Samtök Atvinnulífsins) hófust í lok árs 2018.

LÍV og VR voru til að byrja með saman við samningaborðið þar til nokkrum dögum fyrir jól en þá skyldu leiðir. Föstudaginn 22. febrúar 2019 var tekin ákvörðun í samninganefnd LÍV að vísa kjaradeilu sinni og SA til ríkissáttasemjara þar sem enn er reynt að semja. Harkan í samningaviðræðunum jókst hjá báðum aðilum og nú stefnir í verkfall hjá VR en síðast fóru LÍV og VR í verkfall árið 1988 eða fyrir 31 ári síðan. VR og Efling fóru í stutt tveggja daga verkfall hjá hópþreifreiðafyrirtækjum á félagssvæði VR og í gistiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerði.

Fall WOW Air hafði mikil áhrif á samningaviðræður og mikil óvissa var um hversu mikil áhrifin yrðu á íslenskt efnahagslíf. En í byrjun apríl var skrifað undir kjarasamning LÍV við Samtök atvinnulífsins sem felur í sér nýja nálgun til bættra lífskjara. Áhersla á kjarabætur til þeirra sem hafa lægstu launin er rauði þráðurinn í samningnum en um það er almenn sátt í samfélaginu.

Samið var um krónutöluhækkanir eins og lagt var upp með í upphafi samningaviðræðna en þar sem launahækkanir eru að hluta tengdar þróun hagvaxtar, þá er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun taxtalauna í ljósi launaþróunar á almennum vinnumarkaði. Þá er vinnuvikan stytta, en það var eitt helsta áherslumál LÍV í samningaviðræðunum. Eitt meginmarkmið samningsins er að stuðla að vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimilanna. Gildistími samningsins er frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.

Þegar þetta er skrifað þá hefur verðbólgan minnkað hratt í janúar og var hún 1,7% sem er minnsta verðbólga sem mælst hefur síðan haustið 2017 og stýrivextir Seðlabanka Íslands eru í dag 2,75% og hafa þá farið úr 4,50% í 2,75% síðan samningar voru undirritaðir og því ber að fagna. Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga var upp á 80 milljarða og átti að leggja áherslu á lengra fæðingarorlof, lægri tekjuskatt, auknar barnabætur og auðveldari íbúðakaup. Ríkisstjórnin hefur komið hluta af þessu í framkvæmd meðan annað er í vinnslu og er ég frekar bjartsýnn með framhaldið.

Þing og ársfundir 2019

Aðalfundur FVSA 2019

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 25. febrúar 2019. Fjölmennt var á fundinum þegar félagsmenn komu saman, gæddu sér á léttum veitingum og gerðu upp starfsemi félagsins á nýliðnu ári.



Fundurinn hófst með ræðu formanns FVSA, Eiðs Stefánssonar, þar sem hann fór yfir ýmis mál sem snúa að stéttarfélaginu. Farið var yfir ársskýrslu stjórnar félagsins árið 2018 en skýrsluna má nálgast á heimasíðu FVSA. Í henni er að finna yfirlit yfir alla viðburði og almenna starfsemi félagsins á nýliðnu ári. Þá mætti Drífa Snædal forseti ASÍ á fundinn, flutti ávarp og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Hermann Brynjarsson fór yfir ársreikninga félagsins 2018 og að því loknu var stjórnarkjóri lýst.

Sigurlaugu Hinriksdóttur var sérstaklega þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins en Sigurlaug hefur unnið fyrir félagið í ein 14 ár.



Fundir stjórnar FVSA

Á fyrsta fundi stjórnar FVSA á árinu 2019 var verkaskipting stjórnarinnar fyrst á dagskrá og niðurstaðan varð sem hér segir: **Varaformaður:** Anna María Elíasdóttir **Gjaldkeri:** Jón G. Rögnvaldsson **Ritari:** Anna Kristín Árnadóttir **Meðstjórnandi:** Halldór Óli Kjartansson. Samþykkt var að varastjórn skyldi sitja fundi stjórnar. **Varamenn** eru: Arnbjörg Jónsdóttir, Agnes Reykdal og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson. Alls voru haldnir níu fundir í stjórn FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.

Trúnaðarráð og trúnaðarmenn

Það fóru alls fimm trúnaðarmenn á vegum FVSA á fjögur trúnaðarmannanámskeið sem haldin voru á árinu 2019. Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Átta félagsmenn og fjórir til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi.

Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.

Aðalmenn í trúnaðarráði 2019:

Agnes Reykdal

Anna Guðmundsdóttir

Anna Hafdís Jóhannesdóttir

Anna Kristín Árnadóttir

Anna María Elíasdóttir

Arnbjörg Jónsdóttir

Áslaug Júlíusdóttir

Bára Waag Rúnarsdóttir

Eiður Stefánsson

Erla Bjarnadóttir

Eva Ósk Hafdísardóttir

Gestur Gunnar Björnsson

H. Heimir Geirdal

Halldór Óli Kjartansson

Hanna Sigríður Magnþórsdóttir

Helga Eymundsdóttir

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

Ingvar Gunnarsson

Jón Grétar Rögnvaldsson

Jón Haraldur Lárusson

Margrét Júlía Óladóttir

Til vara í trúnaðarráði 2019:

Bergþóra Jóhannsdóttir

Hallveig Stefánsdóttir

Hulda Björnsdóttir

Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen

Katrín Guðrún Pálsdóttir

Kristín Hjaltalín

Margrét Brynjólfsdóttir

Sigurbjörg Gunnólfsdóttir

Anna Petra Lindberg

Þing LÍV

31. þing Landsambands íslenskra verzlunarmanna var haldið á Akureyri þann 18. október 2019. Alls eiga 87 þingfulltrúar frá 10 aðildarfélögum sambandsins sæti á þinginu.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV og VR setti þingið en Drífa Snædal, forseti ASÍ, flutti ávarp. Á dagskrá þingsins var m.a. rætt um styttingu vinnuvikunnar, brot á vinnumarkaði, lýðræði á vinnustöðum og fjórðu iðnbyltinguna. Meðal framsögumanna á þinginu voru þau Magnús Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BSRB; Drífa Snædal, forseti ASÍ; Steinunn Böðvarsdóttir, fagstjóri rannsókna hjá VR; Huginn Freyr Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Aton; Geir Hólmarsson, kennari í félags- og stjórnamálafræði og Eiður Stefánsson, formaður Félags verzlunar- og skrifstofufólks Akureyri.

Í nýrri stjórn LÍV sitja þau Kristín María Björnsdóttir VR, Eiður Stefánsson FVSA, Guðmundur Gils Einarsson VR, Svanhildur Ó. Þorsteinsdóttir VR, Hjörtur Geirmundsson Vmf, Skagafjarðar, Bryndís Kjartansdóttir VR og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður. Varamenn eru: Björn Kristjánsson VR, Anna Kristín Árnadóttir FVSA, Bjarni Þór Sigurðsson VR, Jónína Hermannsdóttir Framsýn stéttarfélag, Dóra Magnúsdóttir VR, Selma Árnadóttir VR og Þórhildur Ragna Karlsdóttir VR.



Fulltrúar FVSA á þingi LÍV.

Þing AN

74 fulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu 36. þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal þann 27. september sl. Þar af voru tíu þingfulltrúar frá FVSA.



Fulltrúar FVSA á þingi AN á Illugastöðum. F.v: Agnes Reykdal, Erla Bjarnadóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, Hafdís Pálsdóttir, Gestur Gunnar Björnsson, Eydís Bjarnadóttir, Margrét Júlía Óladóttir, Hallveig Stefánsdóttir, Eiður Stefánsson og Harpa Þorvaldsdóttir.

Fjölmarginir gestir mættu á þingið og voru með erindi. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, doktorsnemi við Háskólann á Akureyri, fjallaði um jafnréttisviðhorf og samfélagsleg áhrif í minni byggðarlögum. Óðinn Elísson, hrl. hjá Fulltingi, fjallaði um muninn á slysatryggingum skv. kjarasamningi eða skaðatryggingum. Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri á Blönduósi, fjallaði um gagnaver Borealis Data Center á Blönduósi.

Finnur Birgisson, fulltrúi Gráa hersins, ræddi stöðu eldra fólks í þjóðfélaginu og fjallaði um fyrirhugaða málsókn Gráa hersins gegn íslenska ríkinu vegna tekjutenginga/skerðinga í lífeyriskerfinu. Drífa Snædal, forseti ASÍ, fjallaði um verkalýðsmál og leiddi umræðu inn í panel sem formenn stéttarfélaga á þinginu voru í ásamt henni.

Ný stjórn AN var kosin á þinginu en í henni eru Vigdís Edda Guðbrandsdóttir, frá Samstöðu, sem var kosin formaður AN; Anna Júlíusdóttir, frá Einingu-Iðju, sem verður varaformaður stjórnar og Guðný Grímsdóttir, frá Framsýn, sem verður ritari stjórnar. Varamenn í stjórn eru Bjarki Tryggvason, frá Öldunni – stéttarfélagi; Svala Sævarsdóttir, frá Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Trausti Jörundarson, frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar.

Félagsfundir



Fjölmennt á kynningarfundi um nýja kjarasamninginn.

Þriðjudaginn 9. apríl var haldinn almennur félagsfundur á 2. hæð Greifans. Á þessum fundi var aðeins eitt mál á dagskrá en það var kynning á nýgerðum kjarasamningi LÍV/FVSA við SA. Góð mæting var á fundinn en um 70 félagsmenn mættu til að kynna sér nýja kjarasamninginn. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, fór yfir kjarasamninginn og útskýrði hvaða breytingar eru í vændum og Halldór Óli Kjartansson, stjórnarmaður FVSA, fór yfir innlegg stjórnvalda við gerð kjarasamninga.

Kynningarfundur um vinnutímastyttingu

Vel var mætt á opinn morgunverðarfund á Icelandair Hotel Akureyri um útfærslu á vinnutímastyttingu. Fundurinn var 25. september frá kl. 09:00 til 11:00 þar sem Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, kom norður og var með kynningu.

Ársfundur Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 8. maí í Menningarhúsinu Hofi. FVSA auglýsti eftir félagsmönnum sem greiða í Stapa til að vera fulltrúar félagsins en því miður var ekki mikill áhugi á að mæta til ársfundar og hafa áhrif á sín mál. Fulltrúar félagsins voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Gylfi Pálsson. Sömu fulltrúar mættu einnig á fulltrúaráðsfund Stapa sem var haldinn í Hofi þriðjudaginn 19. nóvember.

Starfsdagur trúnaðarmanna 2020



Trúnaðarmenn fengu kennslu í skyndihjálp.

Starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn á Greifanum þriðjudaginn 14. janúar þar sem þátttakendur voru um 30 talsins. Dagurinn byrjaði á að Jóhann Þór Jónsson og Unnur Ósk Unnsteinsdóttir voru með fróðlegt erindi og kenndu þátttakendum skyndihjálp. Að því loknu tók Helga Hrönn Óladóttir við en hún kemur frá Streituskólanum og talaði um einkenni og áhrif streitu.

Eiður Stefánsson, formaður FVSA, tók því næst við og fór yfir stöðuna í kjaramálum. Deginum lauk síðan á kosningu þar sem trúnaðarmenn kusu átta aðalmenn og fjóra varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2020-2021.



Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum 2020-2021:

Aðalmenn	
Ingvar Gunnarsson	Byko
Jón Haraldur Lárusson	Húsasmiðjan
Anna Petra Línberg	Rúmfatalagerinn
Bára Waag Rúnarsdóttir	Hagkaup
Anna Guðmundsdóttir	VÍS
Gestur Gunnar Björnsson	N1, Hörgárbraut og Leira
Hallveig Stefánsdóttir	Grófargil
María Ingunn Tryggvadóttir	Nettó, Hrísalundi
Varamenn	
Anna Hafdís Jóhannesdóttir	Kjörbúðin, Dalvík
Eva Ósk Hafdísardóttir	Olís, Tryggvabraut
Katrín Guðrún Pálsdóttir	CCEP
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir	Baskó (Iceland)

Orlofshús og orlofsmál

Engar breytingar voru á framboði orlofshúsa milli ára. Félagið á sex íbúðir í Reykjavík og ein af þeim er leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum og eitt hús í Vaglakógi. Sumarið 2019 var félagið með á leigu sumarbústaði í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd og á Einarstöðum á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr.12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Viðhaldsverkefni voru að þessu sinni aðallega í Skógarseli þar sem skipt var út gardínum og málað. Einnig var borin viðarvörn á bústaðina á Illugastöðum.

Alls voru íbúðir og sumarhús hjá félaginu leigð út 649 sinnum til 355 einstaklinga á árinu. Íbúðir í Máratúni voru leigðar út 461 sinni á árinu meðan bústaðir á Illugastöðum og í Skógarseli voru leigðir út 161 sinni og leigubústaðir 27 sinnum.

Aðsókn í gistimiða dregst áfram saman á meðan aukinn áhugi hefur verið á niðurgreiddum flugmiðum en FVSA greiðir flugmiða niður um 3000 kr. Á árinu voru 100 orlofsstyrkir í boði (eða vika að eigin vali) að upphæð 25.000 kr. og útilegukortin voru 25.

	2018	2019
Vika að eigin vali og útilegukort	2.807.636 kr.	2.647.966 kr.
Gistimiðar	249.200 kr.	241.000 kr.
Flugmiðar	1.125.000 kr.	1.323.000 kr.

Búið er að opna fyrir umsóknir í sumarleigu 2020. Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og viku að eigin vali fyrir sumarleigu 2020 er til 25. mars 2020. Sumarleiga orlofshúsa er frá 3. júní til 21. ágúst 2020 en umsækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 6. apríl 2020.

Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2020 og vetrarleigu 2020 til maíloka 2021 á félagavef þann 8. apríl kl. 12:00.

Sjúkrasjóður

Stjórnin hélt fimm fundi á starfsárinu. Í stjórn sjúkrasjóðs eru: Eiður Stefánsson, Guðmundur L. Helgason, Þórdís Bjarnadóttir, Signý Sigurðardóttir og Stefán Jónsson. *Til vara* eru þær Kristín Þorgilsdóttir, Hafdís Pálsdóttir og Svanfríður Sigurðardóttir.

Sjúkradagpeningar

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2019 voru 50.526.689 kr. sem er 15% aukning á milli ára. Samtals var greiddur 191 mánuður í sjúkradagpeninga til 70 einstaklinga. 72% þeirra sem fengu greidda sjúkradagpeninga eru konur og 28% eru þrítugir og yngri.

Styrkir úr sjúkrasjóði


Í heildina voru greiddir styrkir úr sjúkrasjóði fyrir 25.159.428 kr. Samtals voru greiddir 1593 styrkir til 916 félagsmanna.

	2018	2019	Mismunur
Dánarbætur	1.500.000 kr.	300.000 kr.	-1.200.000 kr.
Gler	1.529.535 kr.	1.410.131 kr.	-119.404 kr.
Krabbameinsleit	796.124 kr.	941.259 kr.	145.135 kr.
Heyrnartæki	75.000 kr.	50.000 kr.	-25.000 kr.
Lasik	329.481 kr.	513.401 kr.	183.920 kr.
Líkamsrækt	14.593.158 kr.	14.386.925 kr.	-206.233 kr.
Nudd utan TR	665.051 kr.	379.196 kr.	-285.855 kr.
Sálfræðiþjónusta	1.361.531 kr.	1.774.620 kr.	413.089 kr.
Glasa-/tæknifrjógungun	249.800 kr.	220.000 kr.	-29.800 kr.
Sjúkranudd/hnykk utan TR	1.016.516 kr.	1.026.037 kr.	9.521 kr.
Sjúkraþjálfun	4.001.744 kr.	4.087.859 kr.	86.115 kr.
Aðrir styrkir	193.000 kr.	70.000 kr.	-123.000 kr.
Samtals:	26.310.940 kr.	25.159.428 kr.	-1.151.512 kr.

Starfsmenntasjóður

Styrkir fóru úr 28,4 milljónum árið 2018 í 30,3 milljónir árið 2019. Þetta er um 9% hækkun á milli ára en alls voru greiddir 506 styrkir til 418 einstaklinga.

	Fjöldi
Annað nám	136
Ferðakostnaður	6
Framhaldsnám	110
Háskólanám	144
Íslenska fyrir útlendinga	14
Tómstundanám	64
Starfstengt símenntunarnám	32



Önnur verkefni á árinu

Ferð trúnaðarmanna og fulltrúa í stjórnnum og ráðum FVSA



Farið var í árlega ferð með trúnaðarmönnum, trúnaðarráði og stjórnnum FVSA föstudaginn 13. september sl. Mætt var í Alþýðuhúsið kl. 18:00 og farið í tveimur hópum í Escape Akureyri. Þar var hópnum skipt upp og lokaður inn í herbergi þar sem hver hópur hafði aðeins eina klukkustund til að koma sér út. Mikil keppni var milli hópa en lukkulega komust allir út á endanum. Að því loknu var farið upp á 4. hæð í Alþýðuhúsinu til að hafa gaman saman. Skemmtiatriðin voru heimatilbúin af bestu gerð. M.a. steig okkar eigin Arnbjörg Jónsdóttir á svið þar sem hún spilaði og söng við mikinn fögnuð viðstaddra.



LÝSA – Upplýsandi hátíð um samfélagsmál



Lýsa - Rokkhátíð samtalsins fór fram 6. og 7. september í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Markmið hátíðarinnar er að hvetja til uppbyggjandi skoðanaskipta milli almennings, félagasamtaka og stjórnmalafólks. Á LÝSU gefst tækifæri til að varpa ljósi á málefni, eiga samtál við almenning og ráðamenn og leita eftir stuðningi við ýmis hagsmunamál. Starfsfólk félagsins auk annarra stéttarfélagana var til viðtals í Hofi báða dagana sem hátíðin stóð yfir.



1. maí hátíðarhöldin



Fjöldmenni safnaðist saman á Akureyri til að taka þátt í kröfugöngu sem stéttarfélögin á Akureyri stóðu fyrir í tilefni af 1. maí. Kjörorð dagsins voru; *"Jöfnum kjörin – samfélag fyrir alla."* Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Drífa Snædal, forseti ASÍ, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði þar sem Örn Smári Jónsson söng frumsamin lög og Svenni Þór og Regína Ósk sungu lög úr myndinni A star is born. Hátíðardagskrá lauk með sameiginlegum söng á Maístjörnunni undir stjórn Svenna og Regínu. Að dagskrá lokinni var boðið upp á glæsilegt kaffihlaðborð í Menningarhúsinu Hofi.



Ungir leiðtogar í Brussel 2019



Ungir leiðtogar samankomnir í Belgíu.

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlað er ungu fólki með það að markmiði að fræða það um verkalyðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið samanstendur af þremur námslotum sem miða að því að styrkja ungt fólk í ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk ásamt því að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalyðshreyfingunni. Námskeiðið styrkir enn frekari tengsl og samvinnu ungs launafólks, þvert á starfsgreinar og landshluta. Fyrstu tvær loturnar voru haldnar í Reykjavík, en sú þriðja í höfuðborg Belgíu, Brussel.



Fulltrúi FVSA á námskeiðinu var Eva Ósk Hafdísardóttir, sem er 24 ára gömul og hefur tekið virkan þátt í starfsemi félagsins undanfarið. Eva er trúnaðarmaður og hefur sótt trúnaðarmannanámskeið og setið í trúnaðarráði.

Í Brussel heimsóttu ungu leiðtogarnir verkalýðssamtök og stofnanir tengdar verkalýðshreyfingunni ásamt því að fara á skemmtileg námskeið. „*Það má segja að Brussel sé svona höfuðstöðvar Evrópu varðandi Verkalýðshreyfinguna og ég var svo heppin að þetta var virkilega góður hópur fólks sem ég fór út með og þarna voru frábærir leiðbeinendur og fyrirlesarar,*“ segir Eva og bætir við að það hafi einna helst komið henni á óvart hvað hún lærði mikið á svona stuttum tíma. Meðal annars var farið á ræðunámskeið, spunanámskeið og fleira sem krafðist þess að fara út fyrir þægindarammann. „*Þetta var alveg einstök upplifun sem ég er virkilega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í. Þetta er eitthvað sem ég get klárlega nýtt mér í daglegu lífi og setti mann algjörlega út fyrir þægindarammann sem var mjög gott að vissu leyti. Mér fannst ég læra alveg helling og þetta vakti mikinn áhuga og umhugsun. Ég mæli alveg klárlega með þessu,*“ segir Eva.

Eva segist einstaklega þakklát fyrir tækifærið að fara á námskeiðið bæði í Reykjavík og svo í Brussel. Hún hafi verið óviss um að fara en ótrúlega ánægð með að stéttarfélagið hafi veitt henni stuðning og hvatningu til að skella sér út. Hún hvetur ungt fólk til að kynna sér möguleikana sem eru í boði hjá stéttarfélaginu og hafa opinn hug fyrir þessari einstöku upplifun.



Ungu leiðtogarnir tóku þátt í mótmælum vegna loflagsmála í Brussel.

„*Fólk á mínum aldri veit ekkert af þessu. En það kannski fer að breytast núna.*“

Ferð til Palestínu 27. október til 2. nóvember 2019

ASÍ skipulagði fræðslu- og kynnisferð til Palestínu fyrir starfsfólk sitt og aðildarfélög í október. Þann 27. október 2019 héldu 20 fulltrúar auk fararstjóra til Palestínu. FVSA átti einn fulltrúa í ferðinni en það var Arnbjörg Jónsdóttir, varamaður í stjórn félagsins. Einn helsti tilgangur ferðarinnar var að kynna sér aðstæður Palestínumanna frá fyrstu hendi en ASÍ skipulagði heimsóknir og fundi með verkalýðshreyfingum, friðarhreyfingum, hagsmunasamtökum og ráðamönnum í Palestínu.



Hópurinn samankominn í Palestínu ásamt Mustafa Barghouti í borginni Ramallah.

Það var einróma álit allra sem hópurinn hitti að heimsóknir af þessu tagi væru mikilvægar fyrir Palestínu. Það væri mikilvægt að málefnum þeirra væri veitt eftirtekt og að sjálfstæði þeirra væri viðurkennt af alþjóðasamfélaginu.

Ferðin var afar fróðleg og varpaði ljósi á stöðu verkafólks sem og almennings í Palestínu. Verkaþólk í Palestínu býr margt við léleg kjör, bág réttindi, kúgun, kynjamisrétti og atvinnuleysi. Verkaþólk sem vinnur innan landamæra Ísraels þarf að þola sérstaklega bága meðferð sem m.a. felst í því að fara í gegnum landamærastöðvar (check-points) til og frá vinnu, sem bætir um 4-6 klukkustundum við hvern vinnudag.



Teymið heimsótti Ghassan, Hamdan og teymi hans í borginni Nablus.

Hópurinn ferðaðist víða í ferðinni og kom til Jerúsalem, Ramallah, Nablus, Jeríkó og Betlehem. Í höfuðborg Palestínu, Ramallah, heimsótti hópurinn t.d. Atvinnumálaráðuneyti Palestínu og Mustafa Barghouti, lækni, sem fer fyrir samtökunum Palestinian National Initiative (PNI). Í Ramallah átti hópurinn einnig fund með óháðu verkalyðshreyfingunni, General Federation of independent Unions Palestine (GFIUP). Í Nablus heimsótti hópurinn höfuðstöðvar Alþýðusambands Palestínu, Palestine General Federation of Trade Union (PGFTU). Í sömu borg hitti hópurinn einnig Ghassan Hamdan, lækni og 15 fulltrúa frjálsra félagasamtaka í Nablus, m.a. Arab Woman Union og neytendasamtökin sem eru hluti af BDS hreyfingunni, en sú hreyfing fer fyrir algjörri sniðgöngu á ísraelskum vörum.



Hluti hópsins við Banksy listaverkið: Armored Dove í Betlehem.

Skrifstofur og þjónusta

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 8.00-16.00 og föstudaga frá 8.00-13.00.

Aðalskrifstofa Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er á Akureyri. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

Almenn starfssemi var hefðbundin á árinu, félagsmenn eru duglegir að hafa samband við skrifstofu félagsins og fá aðstoð varðandi kaup og kjör. Félagsmenn nýta sér vel þá þjónustu og það framboð sem félagið býður upp á í orlofshúsum, íbúðum í Reykjavík, gistimiðum og inneignarbréfum í flug. Það er markmið stjórnar FVSA og starfsmanna að veita félagsmönnum okkar góða þjónustu.

Mannabreytingar voru á árinu þar sem Harpa Þorvaldsdóttir lét af störfum og Eydís Bjarnadóttir fór úr afgreiðslunni og tók við af Hörpu sem Þjónustufulltrúi. Þá var Helgi Sveinbjörn Jóhannsson ráðinn í afgreiðslu í stað Eydísar.



Starfsmenn FVSA.



Sumarleiga

Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og viku að eigin vali fyrir sumarleigu 2020 er til 25. mars 2020.

Sumarleiga orlofshúsa er frá 3. júní til 21. ágúst 2020.

Umsækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl og þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 6. apríl 2020.

Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumar 2020 og vetrarleigu 2020 til mailoka 2021 á félagavef 8. apríl kl. 12:00.

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Skipagötu 14
600 Akureyri

Sími 455 1050
fvsa@fvsa.is

Afgreiðslan er opin
mán-fim kl. 8-16 og fös kl. 8-13

www.fvsa.is

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Áritun skoðunarmanna	5
Yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag	6
Rekstrarreikningur Félagssjóðs	7
Efnahagsreikningur Félagssjóðs	8
Rekstrarreikningur Sjúkrasjóðs	9
Efnahagsreikningur Sjúkrasjóðs	10
Rekstrarreikningur Orlofssjóðs	11
Efnahagsreikningur Orlofssjóðs	12
Rekstrarreikningur Vinnudeilusjóðs	13
Efnahagsreikningur Vinnudeilusjóðs	13
Samandreginn rekstrarreikningur	14
Samandreginn efnahagsreikningur	15
Sjóðstreymi	16
Skýringar og sundurliðanir	17-22

Skýrsla stjórnar

Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.598 talsins, þar af voru 369 ekki gjaldskyldir. Konur eru 61% af félagsmönnum og karlar 39%.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2019 kr. 10,3 mkr. og laun stjórnar kr. 2,4 mkr.

Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða


Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 19,1 mkr. og eigið fé í árslok nam 678,8 mkr.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Akureyri, 18. febrúar 2020

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni


Stjórnir
Jon G. Þorvaldsson
Anna Maria Eliasdóttir
Anna Kr. Arnadóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

